



Ljóðskáldinu Jack Prelunsky finnst mikilvægt að gera nokkrar upphitunaræfingar áður en byrjað er að semja ljóð. Hér á eftir eru upphitunaræfingar hans:



Leikur að orðum

Veldu orð og finndu orð sem ríma við það.

Velja sér hlut

Veldu þér hlut, hvaða hlut sem er, til dæmis úrið þitt, pennaveski og svo framvegis. Horfðu vel og vandlega á hlutinn, lyktaðu af honum og prófaðu að kreista hann til að kanna hvaða hljóð kemur. Skrifaðu niður allt sem kemur í huga þinn.

Samheiti

Veldu þér lýsingarorð og skrifaðu niður öll orð sem koma í hugann sem hafa sömu merkingu.

Þá er upphitunaræfingum lokið og það er aldrei að vita nema að þú sért komin með góða hugmynd að ljóði!